

**Ed. 29. Frumvarp til laga [29. mál]**

um stuðning við bændur til bústofnsaukningar og vélakaupa.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Páll Þorsteinsson, Ásgeir Bjarnason, Karl Kristjánsson.

**1. gr.**

Stofna skal sérstakan sjóð, er nefnist bústofnslánasjóður. Bústofnslánasjóður veitir frumbýlingum og efnalitlum bændum lán eða styrk til bústofnsaukningar, vélakaupa og til greiðslu bráðabirgðalána og lausaskulda, eftir því sem nánar segir í lögum þessum.

**2. gr.**

Stofnfé bústofnslánasjóðs er:

- a. 20 milljón króna óafturkræft framlag ríkissjóðs, er greiðast skal sjóðnum á næstu fjórum árum með 5 milljón króna framlagi á ári;
- b. 30 milljón króna lán, er stjórn bústofnslánasjóðs heimilast að taka, og ábyrgist fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs greiðslu lánsins.

### 3. gr.

Bústofnslánasjóður veitir lán:

- a. frumbýlingum og efnalitlum bændum til bústofnskaupa, enda hafi þeir of lítinn bústofn að dómi sjóðsstjórnar;
- b. frumbýlingum og efnalitlum bændum til búvélakaupa;
- c. efnalitlum bændum til að greiða víxilskuldir og aðrar lausaskuldir, er búrekstur þeirra fær ekki undir risið að mati sjóðsstjórnarinnar, enda séu slíkar skuldir eigi við nána venzlamenn lánsumsækjanda.

### 4. gr.

Skilyrði fyrir lánveitingu úr bústofnslánasjóði eru:

- a. að umsækjandi reki landbúnað sem aðalatvinnuveg;
- b. að umsækjandi hafi ekki þann bústofn, sem að áliti sjóðsstjórnarinnar er nægilegur til framfærslu fjölskyldu hans samhliða öðrum tekjuvonum, eða hafi eigi efni á að festa kaup á nauðsynlegum búvélum — eða lausaskuldir hans séu svo miklar, að sjóðsstjórnin telji honum að óbreyttum ástæðum ókleift að standa við skuldbindingar sínar og reka bú sitt á heilbrigðum grundvelli;
- c. að umsækjandi sé að dómi sjóðsstjórnarinnar vel hæfur til að reka landbúnað, enda mæli hreppsnefnd með lánveitingunni;
- d. að umsækjandi setji þá tryggingu fyrir láninu, er sjóðsstjórnin tekur gilda;
- e. að umsækjandi geti að dómi sjóðsstjórnarinnar staðið undir árlegum greiðslum af lánum sínum, er hann hefur fengið stuðning samkvæmt lögum þessum.

### 5. gr.

Lán úr bústofnslánasjóði má veita gegn eftirtöldum tryggingum:

1. gegn veði í fasteign;
2. gegn veði í vélum og verkfærum;
3. gegn veði í tilteknum flokki eða flokkum búfjár, þrátt fyrir ákvæði 4. gr. laga um veð frá 4. nóvember 1887;
4. gegn hreppsábyrgð;
5. gegn sjálfsskuldarábyrgð tveggja eða fleiri aðila.  
Sjóðsstjórnin metur, hverja tryggingu skuli taka gilda.

### 6. gr.

Heimilt er stjórn bústofnslánasjóðs að veita lánsumsækjanda styrk úr sjóðnum allt að 30 þúsundum króna, enda verði búrekstri hans eigi að öðrun kosti komið á heilbrigðan grundvöll að dómi sjóðsstjórnarinnar.

### 7. gr.

Fjárhæð láns hverju sinni fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar.

### 8. gr.

Vextir af lánum úr bústofnslánasjóði mega ekki vera hærri en 5%. Lánstími fer eftir ákvörðun sjóðsstjórnar. Þó skal hann aldrei vera lengri en 12 ár. Það skal og áskilið, að ef efnahagur lántaka breytist svo, að honum verði auðvelt að greiða lán sitt á skemmri tíma að dómi sjóðsstjórnarinnar, geti hún gert honum að greiða hærri afborganir af láninu en annars er tilskilið. Enn fremur sé áskilið, að ef lántaki breyti um atvinnuveg, sé sjóðsstjórninni heimilt að ákveða, að lánið sé þegar gjaldfallið.

Heimilt er sjóðsstjórn að ákveða, að lán skuli vera afborgunarlaust fyrstu þrjú árin.

Gjaldddagi lánanna skal vera 1. nóvember ár hvert.

9. gr.

Umsóknir um lán og stuðning samkvæmt lögum þessum skulu sendar sjóðs-  
stjórninni eða þeim, sem hún vísar til. Umsóknum skulu fylgja þau gögn, er sjóðs-  
stjórnin ákveður.

10. gr.

Stjórn bústofnslánasjóðs skal skipuð 5 mönnum. Skulu 4 stjórnarmanna skip-  
aðir samkvæmt tilnefningu þingflokka, einn frá hverjum flokki, en sá fimmti,  
sem er formaður stjórnarinnar, skal skipaður samkvæmt tilnefningu Stéttarsam-  
bands bænda.

Á stjórnarfundum ræður afl atkvæða. Séu atkvæði jöfn, ræður atkvæði formanns.

11. gr.

Bústofnslánasjóður er undanþeginn öllum opinberum gjöldum og sköttum, hverju  
nafni sem nefnast. Öll skjöl viðvíkjandi lánnum úr sjóðnum eru undanþegin stimpil-  
gjaldi.

12. gr.

Bústofnslánasjóður skal vera í vörzlu Búnaðarbanka Íslands. Búnaðarbankinn  
hefur á hendi reikningshald fyrir sjóðinn, annast afgreiðslur lána, innheimtur á  
þeim svo og önnur nauðsynleg skrifstofustörf í því sambandi gegn þóknun, er  
ráðherra ákveður.

13. gr.

Árlega skal semja reikning bústofnslánasjóðs, sem endurskoðaður skal af end-  
urskoðendum Búnaðarbankans.

Ársreikningar sjóðsins skulu birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

14. gr.

Kostnað af framkvæmd laga þessara, þar með talin þóknun til stjórnarnefndar-  
manna, greiðir ríkissjóður.

15. gr.

Í reglugerð fyrir bústofnslánasjóð má setja þau ákvæði um stjórn sjóðsins og  
starfrækslu, er nauðsynleg þykja og eigi fara í bág við lög þessi.

### Greinargerð.

Samhljóða frumvarp var flutt á síðasta Alþingi, en varð þá eigi útrætt. Frum-  
varpinu fylgdi þá svo hljóðandi greinargerð:

„Með frumvarpi þessu er lagt til, að settur sé á stofn sérstakur lána- og styrktar-  
sjóður — bústofnslánasjóður — í vörzlu Búnaðarbankans, en undir sérstakri stjórn,  
er hafi það hlutverk að veita frumbýlingum og efnalitlum bændum hagstæð lán  
eða stuðning til bústofns- og vélakaupa eða til greiðslu þungbærra lausaskulda, sem  
efnahag þeirra eru ofviða og standa í vegi fyrir því, að búrekstur þeirra komist á  
heilbrigðan grundvöll.

Samkvæmt því er hlutverk bústofnslánasjóðs í rauninni þríþætt, þ. e. a. s. í  
fyrsta lagi lánveitingar til bústofnskaupa, í öðru lagi lán til búvélakaupa og í þriðja  
lagi lán eða stuðningur til greiðslu óviðráðanlegra lausaskulda. Í sumum tilfellum  
fer þetta allt saman.

Stofnfé bústofnslánasjóðs er ákveðið 50 millj. kr., þar af 20 millj. kr. óendur-  
kræft framlag ríkissjóðs. Gert er ráð fyrir, að hinn hluti stofnfjárins sé tekinn  
að láni með ríkisábyrgð.

Fimm manna nefnd á að hafa á hendi stjórn sjóðsins og ákvörðunarvald um  
lánveitingar. Skulu fjórir nefndarmanna skipaðir samkvæmt tilnefningu þingflokka-  
anna, en hinn fimmti, sem jafnframt er formaður, skal skipaður samkvæmt tilnef-  
ningu Stéttarsambands bænda.

Pörfinni á þvílíkum lánum eða stuðningi, er að ofan greinir, verður tæplega í móti mælt. Mörgum bændum er bráðnauðsynlegt að auka bústofn sinn, til þess að þeir geti komist sæmilega af og staðið straum af þeim margháttaðu framkvæmdum, sem þeir hafa lagt í á jörðum sínum. Og með jarðræktarframkvæmdum og aukinni vélanotkun hafa einmitt víða skapast skilyrði til að framfleyta stærri áhöfn á hverri jörð en áður. En bústofn kostar mikið fé. Efnalitlir bændur hafa alls eigi það fé handa á milli, sem til þess þarf að festa kaup á hæfilegum bústofnsauka, allra sízt eftir hinar harkalegu efnahagsaðgerðir s. l. vetur. Og þeir eiga ekki heldur aðgang að sérstökum föstum lánum í því skyni. Á því þarf að verða breyting. Þeir þurfa að eiga kost á hagkvæmum lánum til bústofnsaukningar. Þörf frumbýlinga, flestra hverra að minnsta kosti, er þó enn þá augljósari. Kostnaður við bústofnun í sveit er mjög mikill og hefur stórlega aukist á þessu ári vegna gifurlegra verðhækkana, vaxtaokurs og annarra opinberra aðgerða. Þeir munu þess vegna vera fáir frumbýlingarnir, sem hafa, eins og nú háttar til, ráð á nægilegu fjármagni til að festa kaup á jörð, nauðsynlegum áhöldum og vélum og hæfilegum bústofni. Eins og nú er komið, er efnalausum mönnum í rauninni algerlega ókleift að reisa bú í sveit. En jafnvel þótt menn eigi dálitlar eignir, hrökkva þær hvergi nærri til bústofnunar í sveit við núverandi aðstæður. Og enn ófyrstíganlegri verða erfiðleikarnir, þegar hvergi er lán að fá nema með okurkjörum. Langflest ung hjón eiga því aðeins um tvennt að velja, að byrja búskap í sveit af vanefnum og með allt of litlum bústofni og rétta svo kannske seint eða aldrei úr kútnum eða þá að stofna til heimilis í kaupstað eða kaupsýni, þótt hugur þeirra hafi fremur staðið til sveitabúskapar. Það er sannarlega ekki undarlegt, þó að þau velji oft síðari kostinn, og koma þar reyndar fleiri ástæður til greina. Má reyndar segja, að þau séu beinlínis til þess neydd, eins og nú standa sakir. Það er engum efa undirorpið, að það mundi verða mörgum frumbýlingum hin mesta hjálp þrátt fyrir ríkjandi öngþveiti og erfiðleika, ef þeir ættu kost á föstum, hagstæðum bústofnslánum. Slík frumbýlingslán mundu ófáð stuðla að því þrátt fyrir allt, að fleiri hjón en ella reistu bú í sveit.

Tillögur um bústofnslán hafa nokkrum sinnum áður komið fram á Alþingi, enda þótt sýnilegur árangur þar af sé næsta lítill. Þó munu nú vera í gildi a. m. k. tvenn lagaákvæði, sem gera ráð fyrir bústofnslánum, þ. e. ákvæði l. nr. 31/1930, um sveitabanka (bústofnslánafélag), og ákvæði l. nr. 48/1957, um landnám, ræktun og byggingar í sveitum, þar sem ræktunarsjóði er heimilað að veita lán til bústofnsauka. Fyrri löggin hafa aldrei komið til framkvæmda, og heimild síðarnefndu laganna mun ekki hafa verið notuð, enda tæplega við því að búast, meðan ræktunarsjóðurinn hefur átt fullt í fangi með að sinna þeim verkefnum, sem honum voru fyrst og fremst ætluð. Bæði þessi lagaákvæði eru því óvirk að þessu leyti.

Þá er hér gert ráð fyrir því, að bústofnslánasjóður veiti frumbýlingum og öðrum bændum, sem á þurfa að halda, lán eða stuðning til nauðsynlegra búvélakaupa. Flestir, sem nokkuð þekkja til, munu sammála um, að búskapur verði ekki stundaður með neinum árangri nú á dögum nema með nauðsynlegum búvélum. Aðstaða þeirra bænda, sem ekki hafa nauðsynleg tæki og vélar, er algerlega vonlaus. En vélar hafa einmitt stórhækkað í verði vegna efnahagsaðgerðanna s. l. vetur, svo sem alkunnugt er og hér þarf eigi að rekja. Efnalitlum bændum er því ókleift að kaupa vélar sínar nú, nema þeir eigi kost á hagkvæmum lánum í því skyni. En slík lán er nú hvergi að fá. Úr því vandræðaástandi er bústofnslánasjóði að einhverju leyti ætlað að bæta.

Á undanförnum árum hafa margir bændur lagt í fjárfrekar framkvæmdir, svo sem byggingar, ræktun, vélakaup, o. fl. Þau föstu lán, sem kostur hefur verið á, hafa engan veginn nægt til greiðslu kostnaðarins við slíkar framkvæmdir. Allmargir þeirra hafa því safnað lausaskuldum eða orðið að gripa til bráðabirgðalána og þá oftast víxillána. Hjá mönnum hefur gætt hjartsýni og framkvæmdavilja. Einkanlega á þetta við um bændur, sem hafa verið að byrja búskap á þessum árum. Þeir hafa jafnframt jarðakaupum og framkvæmdum á jörðinni orðið að festa kaup á bústofni

og vélum. Þeir hafa ekki átt vól á föstum lánum í þessu skyni. Hjá þeim hafa því óhjákvæmilega safnast meiri eða minni lausaskuldir, ýmist í bönkum, verzlunum eða við einstaklinga. Við óbreyttar aðstæður hefðu langflestir þessara ungu bænda eflaust komið klakklaut frá þessum skuldum. En vegna efnahagsaðgerðanna s. l. vetur hefur aðstaða þessara manna gerbreytt. Hin stórkostlega vaxtahækkun og stórhækkaður framleiðslukostnaður hafa ásamt lánsfjárskortri gersamlega kippið fótum undan mörgum ungum bændum og kollvarpað öllum þeirra áætlunum um skuldagreiðslur og heilbrigðan rekstrargrundvöll á næstu árum. Ýmsum þeirra er um megn að standa undir víxillánum og öðrum vaxtaháum lausaskuldum. Það er blátt áfram hætta á, að sumir þeirra gefist upp og verði að hrökklast frá jörð og búi. Slíkt væri skaði, ekki aðeins fyrir þá sjálfa, heldur og í mörgum tilfellum fyrir lánardrottna þeirra og þjóðfélagið í heild. Hér er um aðkallandi raunverulegt vandamál að ræða, sem ekki þýðir að loka augunum fyrir. Það hvílir vissulega skylda á þjóðfélaginu til að rétta þessum mönnum hjálparhönd, því að vandræði þeirra staða fyrst og fremst af opinberum aðgerðum — efnahagsaðgerðum núverandi ríkisstjórnar. Langflestir þessara manna munu rétta við og komast á kjöl, ef þeir geta fengið sæmilega hagstætt fast lán í stað víxilskulda og annarra kostnaðarsamra bráðabirgðalána. Þeir þurfa ekki á annarri aðstoð að halda. Efnahagur sumra mun hins vegar vera svo illa kominn af áðurgreindum ástæðum, að þeim nægir ekki lán. Þeir þurfa á frekari fyrirgreiðslu að halda, ef koma á búrekstri þeirra og fjárhag á sæmilega heilbrigðan og traustan grundvöll. Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er gerð raunhæf tilraun til að leysa vandræði þessara manna, bæði með lánum og beinum styrk úr bústofnslánasjóði. Það er þó gert ráð fyrir því, að til beinna styrkveitinga komi ekki nema í algerum undantekningar-tilfellum.

Það er að sjálfsögðu nauðsynlegt að efla aðrar lánastofnanir landbúnaðarins og hækka fjárhæð einstakra lána, t. d. hjá veðdeild Búnaðarbankans, í samræmi við verðbreytingar og aðrar breyttar aðstæður. En þó að það sé gert, er það ekki nægilegt þeim mönnum til bjargar, sem hér eru hafðir í huga.

Einstakar frumvarpsgreinar þurfa ekki skýringa við.“